

urinn og að honum leið illa. Hún heyrði hann útmála fyrir vinum sínum náttúrufegurðina alla, sem hann hafði séð og sem hafði heillað svo huga hans, að hann undi sér ekki lengur heima. Hann sagði frá jólanótt einni, sem hann hafði lifað á ferð sinni í Ítalíu. Kirkjan hafði verið uppljómuð þúsund kertaljósum, og mynd af frelsaranum hafði sést í sveig, bínunum til úr blómum og lærviðar-greinum.

Nú fór hún þá að hugsa um eitthvert ráð til þess að lægt væri að lát anæstu jól flytja honum eitthvað af þessari fegurð, sem hann hafði orðið svo hugfanginn af.

Einn dag er hún á gangi um greniskóginn. Og er hún horfir á trén og virðir þau fyrir sér, dettur henni í hug ráð. Hún segir þá: „Þú, grenitré! skalt ná aftur kærleika mannsins míns til föðurlandsins og heimilisins. Þú skalt prýða kirkjuna næstu jól. Eg skal hengja á þig lnetur og epli. Eg skal brýða þig með rósum og gera þig miklu fallegri en þú ert með hundruðum af ljósum.“

Þegar Geirþrúður talaði um þetta við prestinn sinn, sagði hann henni, að það væri rétt að gera dýrðlega fæðingarhátíð ótöttins á þennan hátt. Líka sagði hann: „Það er verk guðs að koma sál til þess að elska heimilið sitt og föðurlandið. Og verði iðgræna grenitréd tákni kærleika guðs, sem æ er hinn sami.“

Geirþrúður kom þessu til leiðar. Og það var fyrsta jólatréð. Henni varð líka að því, sem hún vonaði. Maðurinn hennar varð hinn sami, sem hann hafði áður verið. Og einlægt upp frá þessu prýddi jólatré kirkjuna á jölunum. Og fólk þyrptist að, til þess að sjá fallega jólatréð. Síðurinn breiddist út um allt Þýzkaland. Og nú hefur hann rutt sér til rúms allsstaðar.

Og minnir nú jólatréð prýdda og uppljómaða á *kærleikann og ljósið og friðinn og fönuðinn og fegurðina, sem kom með Jesú í heiminn.*

KIRKJA, SEM ÁTTI AÐ HREINSA LOFTIÐ.

Saga er sögð um tímursala í bæ einum í einu Suður-rikkjanna í Bandaríkjunum. Hann hafði ekki upp alist þ: r: heldur hefði hann flutst þangað úr einu Austur-rikkjanna. Einn dag bittir hann Metódista-biskup einn að máli, sem var að komandi í bænum, og býðst til þess að byggja kirkju upp á eigin býti og launa presti líka, ef hann, biskupinn, vilji sjá um að prestur komi og setjist að í bænum. Biskupinn lofar að gera það.

En nokkru síðar er honum skýrt frá því, að tímursalinn